

REGLUGERÐ

um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1998 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar á svæði þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggja milli lands og Vestmannaeyja. Að austan markast svæðið af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan. Að vestan takmarkast svæðið af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman.

2. gr.

Brot á reglugerð ákvæðum þessari þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79 26. maí / 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

- Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1997. -

- Þorsteinn Pálsson. -

- Árni Kolbeinsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.